

SAMÞYKKT um búfjánhald í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að kveða á um skipulag og stjórnun búfjánhalds, vörslu gripa og handsömun þeirra í samræmi við ákvæði laga um búfjánhald nr. 38/2013 og laga um velferð dýra nr. 55/2013, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúa og vernda gróður í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn getur falið umhverfis- og framkvæmdanefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins og umhverfisfulltrúa vald til leyfisveitinga á grundvelli 5. og 7. gr.

2. gr.

Hefðbundið búfjánhald, s.s. nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, kanína, geitfjár, loðdýra og alifugla, er heimilt á lögbýlum í Ísafjarðarbæ. Um örugga vörslu graðpenings gilda ákvæði 6. gr. laga nr. 38/2013 um búfjánhald. Hlutist Ísafjarðarbær til um handsömun og vörslu á grundvelli þessarar greinar er heimilt að innheimta kostnað af umsjónarmanni búfjár samkvæmt auglýstri gjaldskrá.

3. gr.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í Ísafjarðarbæ. Umráðamönnum stórgripa í sveitarfélaginu er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga skv. reglugerð um girðingar nr. 748/2002.

4. gr.

Öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlykja þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar samkvæmt fylgiskjali með samþykkt þessari, er bönnuð. Þéttbýlissvæðin eru Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Gangi búfé laust innan girðinga skal umsjónarmanni tilkynnt um það, sé vitað hver hann er, og hann fenginn til að sækja gripina. Að öðrum kosti skulu starfsmenn Ísafjarðarbæjar reka féð út fyrir girðingu. Þurfi að handsama og taka í vörslu fé skal farið eftir 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Við itrekuð brot eða ef umsjónarmaður hefur ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga er heimilt að sekta fyrir áföllnum kostnaði og/eða svipta viðkomandi, ef um er að ræða eiganda búfjár utan lögbýlis, leyfi til búfjánhalds.

5. gr.

Leyfilegt er að halda hænur og endur, að hámarki 10 fugla á sömu lóð. Dúfnahald er leyfilegt, að hámarki samt 6 dúfur á sömu lóð. Óheimilt er að halda hana og gæsir.

Áður en fuglahald hefist er skylt að sækja um leyfi hjá Ísafjarðarbæ. Telji umhverfis- og framkvæmdanefnd að skilyrði til að halda fiðurfé séu fyrir hendi getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til að halda ákveðin fjölda fugla á lögheimili sínu í tiltekin tíma.

Skilyrði leyfisveitingar eru

- að tilskilin leyfi skipulagsyfirvalda liggi fyrir
- að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög nr. 55/2013 um velferð dýra.
- að fyrir liggi samþykki sameigenda eða leigjenda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- að fyrir liggi samþykki íbúa nærliggjandi húseigna í hið minnsta 100 metra radius frá þeim stað þar sem á að halda fiðurfé
- að gengið sé úr skugga um að hæsnahald eða annað fuglahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á húseignum sem koma í veg fyrir að þar sé haldið fiðurfé.

6. gr.

Allt búfjánhald á lögbýlum er háð leyfi og eftirliti Matvælastofnunar.

7. gr.

Búfjánhald utan lögbýla (frístundabúskapur) er háð leyfi bæjarstjórnar. Sá sem hyggst sækja um leyfi skal senda skriflega umsókn á þar til gerðu eyðublaði.

Athugasemd [b1]: hér þarf að breyta – tillaga sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs eða umhverfis- og eignasvið án tilgreiningar á starfsmanni

Athugasemd [b2]: Nýtt ákvæði
Fyrri ákvæði var svohljóðandi:

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til að halda allt að 10 hænur í öruggu aðhaldi í þéttbýli, en hnar eru þar með öllu bannaðir. Sá sem vill stunda hæsnahald í þéttbýli skal senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda hænsna sem halda skal, tegund hæsnfugla, hvaða húsnæði er til umráða og öðru sem máli kann að skipta fyrir öryggi þeirra og vörslu. Umhverfisfulltrúi tekur við og afgreiðir umsóknir um leyfi til hæsnahalds í þéttbýli. Hann hefur einnig umboð til að taka á brotum, kanna aðstöðu og krefjast úrbóta ef þörf þykir. Verði leyfishafi ekki við þeim kröfum má afturkalla leyfi án fyrirvara.

Athugasemd [b3]: Skv. 2. gr. er búfjánhald aðeins heimilt á lögbýlum. er þetta undanþáguákvæði? Það þarf þá að koma fram eða visa til 7. gr.

Athugasemd [b4]: Á nefndin að yfirfara umsóknir eða á að fela það starfsmanni (eins og verið hefur í dýramálum hjá sveitarfélaginu)?

Athugasemd [b5]: 100m radius er mjög mikið í þéttbýli, sjá 2 kort neðst í skjalinu. Annars vegar 100m radius frá Sólgötu 8 þar sem dúfnahald var og hins vegar frá Bjargi (þar sem Lísbet er með hænur – þekki bara hana með fugla hér á svæðinu ☺)

Athugasemd [b6]: Hér stangast 5. og 7. gr. á um hver eigi að veita leyfi – bæjarstjórn eða nefndin (eða starfsmaður)

Óheimilt er að halda búfé, nema hafa fyrir það hús sem samrýmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beutiland og fóður fyrir allt sitt búfé og skal tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrarþétt skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu. Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt lögum og reglum.

Telji bæjarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum, veitir hún leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppséðanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum um búfjárhald nr. 38/2013 eða samþykkt þessari, má svipta hann leyfi til búfjárhalds með þriggja mánaða fyrirvara.

8. gr.

Ætli landeigandi að friða afmarkaða landspildu fyrir ágangi búfjár skal hann tilkynna það umhverfisfulltrúa og skila umsögn Búnaðarsambands Vestfjarða um að friðun sé raunhæf m.t.t. girðinga. Landeigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt en sveitarfélagið auglýsir umrædda friðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní ár hvert framvísa til sveitarstjórnar umsögn Búnaðarsambandsins um að vörslulína sé fullnægjandi. Hægt er að fella friðun úr gildi ef vörslulinur halda ekki. Komist búfé inn á friðað land skal farið eftir 9. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 varðandi handsömun og vörslu. Verði sveitarfélagi afhent féð til vörslu skal umsögnarmaður dýrsins greiða kostnað í samræmi við 24. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013.

9. gr.

Um fjallskil af búfé og landi í Ísafjarðarbæ er farið eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, svo og ákvæðum í gildandi fjallskilasamþykktum með síðari breytingum.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 14. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

11. gr.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Samþykktin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Ísafjarðarbæ nr. 998/2001 frá 22. júní 2016

Athugasemd [b7]: átta mig ekki á hvaða rgl. þetta er eftir að lögín voru uppfærð 2013

Athugasemd [b8]: Er þetta eins og við viljum hafa það – eins árs uppsögn?

Athugasemd [b9]: hér þarf að breyta – tillaga sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs eða umhverfis- og eignasvið án tilgreiningar á starfsmanni